

Samningur um afnot af spjaldtölvu

Naustaskóli og _____, foreldri/forráðamaður, fyrir hönd
_____, nemanda, gera með sér svohljóðandi samning um afnot
nemandans af spjaldtölvu.

1. Spjaldtölvan sem samningur þessi tekur til, NAU-PAD _____ raðnúmer _____, er eign Naustaskóla. Nemandinn hefur afnot af tækini á starfstíma skólans, svo lengi sem nemandinn er skráður í Naustaskóla. Í lok skólaársins (eða ef nemandi hættir í skólanum) skal nemandi skila tækini til skólans. Þegar tæki er skilað skal nemandi skrá sig út af AppleID- og iCloud-aðgangi sínum í tækini, fjarlægja allar læsingar og endursetja tækið (eyða öllu innihaldi og stillingum).
2. Naustaskóli áskilur sér rétt til að innkalla tæki tímabundið vegna viðgerða eða þjónustu, til að hreinsa af því óæskileg gögn eða rekja mögulega misnotkun.
3. Nemandanum og foreldri/forráðamanni er afhent tækið til afnota að þessum samningi undirrituðum. Til þess að hægt sé að nota tækið er nauðsynlegt að nemandi búi til AppleID-aðgang og gefa skóla upp notandanafn á þeim aðgangi. Eigi nemandi nú þegar slíkan aðgang er heimilt að sá aðgangur sé notaður við námstækið. Mælst er til þess að ekki sé notaður fleiri en einn AppleID-aðgangur á hvert tæki.
4. Nemandi er heimilt að taka tækið með sér heim að loknum skóladegi, en skal hafa það með sér í skólann á hverjum degi, fullhlaðið. Nemandi ber ábyrgð á sínu hleðslutæki og snúru og er mælst til þess að það sé geymt heima. Glatist eða skemmist hleðslutæki og/eða snúra ber nemandi að útvega nýtt á eigin kostnað.
5. Nemandinn og foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á meðferð og notkun tækisins meðan nemandinn hefur það til afnota. Nemandi skal gæta þess að fara vel með tækið og sýna ábyrgð í notkun þess. Komi í ljós að mati skólans eða foreldra/forráðamanna að nemandi eigi í erfiðleikum með þessa ábyrgð geta foreldrar/forráðamenn eða skóli ákveðið að tækið sé geymt í skólanum.
6. Nemendur eru hvattir til að kaupa hulstur til að verja tækið gegn hnjaski en það er ekki skylda.
7. Undir engum kringumstæðum má nota tækið á ólöglegan hátt. Ekki má setja í það stolin forrit eða forrit sem breyta stýrikerfi þess. Nemandi skal fara að reglum skóla sem og landslögum hvað varðar myndatökur og myndbirtingar.

8. Kennarar leiðbeina nemanda um uppsetningu forrita (appa) á tækið sem ætluð eru til námsvinnu nemandans. Nemanda og foreldrum/forráðamönnum er heimilt að setja inn á tækið eigið efni (t.d. myndir og tónlist), sem og hugbúnað að eigin vali, en þó skal námsefni hafa forgang. Komi til plássleysis á tækinu skal efni nemandans víkja svo námsefni komist fyrir. Þegar tæki er skilað í lok skólaárs ber nemandi ábyrgð á að vista persónuleg gögn annars staðar, þar sem tækið verður uppfært og enduruppsett, áður en það er afhent á næsta skólaári.
9. Ef tækið bilar eða skemmist, týnist eða því er stolið skal tilkynna það strax til skólans og leitast þá skólinn við að útvega nemandanum annað lánstæki meðan viðgerð fer fram eða tapað tæki er endurheimt. Sé um vísitandi skemmdarverk, vítavert gáleysi eða þjófnað af hálfu nemandans að ræða skal nemandi bæta tækið.
10. Ítrekað er að foreldrar setja nemanda reglur um notkun og notkunartíma tækisins á heimili og geta takmarkað notkun eða ákveðið að tækið sé geymt í skólanum utan skólatíma á virkum dögum og/eða um helgar og í fríum.

Við undirritun samnings þessa lýsum við undirrituð því yfir að við höfum kynnt okkur efni samningsins og erum samþykkt skilmálum hans.

Staður og dagsetning

Undirskrift og kennitala nemanda

Undirskrift og kennitala foreldris

Undirskrift skólastjóra/ritara f.h. Naustaskóla

Apple-ID notandanafn (netfang) nemanda

Athugasemdir (s.s. varðandi útlit og ástand tækis):